

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 265/2022**2023/EES/31/38****frá 23. september 2022****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/309 frá 24. febrúar 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/583 til að taka tillit til tiltekins koltvísýringssparnaðar vegna vistvænnar nýsköpunar í tengslum við útreikning á sértækri meðalkoltvísýringsslosun frá Daimler AG og Daimler AG-samlaginu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/324 frá 24. febrúar 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/973 til að taka tillit til tiltekins koltvísýringssparnaðar vegna vistvænnar nýsköpunar í tengslum við útreikning á koltvísýringsslosun frá Daimler AG og Daimler AG-samlaginu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/344 frá 24. febrúar 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1035 til að taka tillit til tiltekins koltvísýringssparnaðar vegna vistvænnar nýsköpunar í tengslum við útreikning á sértækri meðalkoltvísýringsslosun frá Daimler AG og Daimler AG-samlaginu ⁽³⁾.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 21a_{ez} (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/583):

„, breytt með:

- **32022 D 0309:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/309 frá 24. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 46, 25.2. 2022, bls. 128).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 21a_{ze} (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1035):

„, breytt með:

- **32022 D 0344:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/344 frá 24. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 62, 1.3. 2022, bls. 12).“

3. Eftirfarandi er bætt við lið 21a_{zj} (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/973):

„, breytt með:

- **32022 D 0324:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/324 frá 24. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 55, 28.2. 2022, bls. 54).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 46, 25.2.2022, bls. 128.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 54.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 62, 1.3.2022, bls. 12.

2. gr.

Texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2022/309, (ESB) 2022/324 og (ESB) 2022/344, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.